



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDIR MEÐ FORSETA OG NÝKJÖRNUM FORSETA LITHÁENS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í morgun, þriðjudaginn 7. júlí, fundi með Valdas Adamkus forseta Litháens og nýkjörnum forseta landsins, frú Dalia Grybauskaitė sem tekur við embætti næstkomandi sunnudag.

Á fundi forseta með Adamkus var rætt um árangursríka samvinnu Íslands og Litháens á undanförunum árum, mikilvæg tengsl Norðurlanda og Eystrasaltsríkja og hvernig löndin átta geta í sameiningu styrkt stöðu sína á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Þá ræddu forsetarnir um áhrif hinnar alþjóðlegu kreppu á efnahagslíf landanna og hvernig brugðist hefði verið við henni með margvíslegum aðgerðum bæði í Litháen og á Íslandi. Adamkus forseti lýsti áhuga sínum á því að fylgjast með umræðum um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu og fjallaði í nokkru um reynslu Litháa á þeim vettvangi. Forseti Íslands taldi mikilvægt að Íslendingar gætu notið góðs af reynslu Adamkus í þeim efnum í forsetatíð hans, en hann hefur sótt alla leiðtogafundi Evrópusambandsins. Þáði hann boð forseta Íslands um að koma á næstu misserum í heimsókn til Íslands og flytja opinberan fyrirlestur í boði forseta.

Á fundi forseta Íslands með Dalia Grybauskaitė, nýkjörnum forseta Litháens, var einnig vikið að hugsanlegri umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, en Grybauskaitė gegndi um árábil forystustörfum á vettvangi sambandsins sem einn af framkvæmdastjórum þess. Hún þekkti vel til íslenskra hagsmuna og sýndi ríkan skilning á málstað Íslendinga.

Þá var á þessum fundi einnig rætt um afleiðingar efnahagskreppunnar og mikilvægi þess að Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin stæðu þétt saman á alþjóðlegum vettvangi.

Á báðum fundunum óskaði forseti Íslands Litháum til hamingju með hina glæsilegu þjóðhátíð sem fram fór í gær í tilefni af því að þúsund ár eru frá upphafi þjóðarsögu þeirra. Þátttaka tugþúsunda landsmanna í öllum viðburðum dagsins hefði endurspeglað sterka sjálfstæðiskennd og mikinn fögnuð vegna þess frelsis sem þjóðin hefði endurheimt. Fram kom við fjölmörg tækifæri í gær og einnig á fundunum í morgun að Litháar bera enn ríkulegan þakkarhug til Íslendinga vegna stuðnings sem þeim var veittur í sjálfstæðisbaráttunni.

7. júlí 2009.

Myndir frá fundum forseta í morgun má nálgast á heimasíðu embættisins. Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).